



144. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ verður haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ í Íþróttamiðstöðinni Laugardal fimmtudaginn 10. janúar 2008 og hefst kl.16:15.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Örn Andrésson, Hafsteinn Pálsson, Sigríður Jónsdóttir, Engilbert Olgeirsson, Helga H. Magnúsdóttir, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Friðrik Einarsson, Jón Gestur Viggósson 1. varamaður, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Forföll boðuðu Krístrún Heimisdóttir ritari og Oddný Árnadóttir 2. varamaður.

Þetta gerðist:

Forseti setti fund og stjórnaði honum.

1. Ólympíuleikarnir í Peking – skipan aðalfararstjóra

Rætt um skipan aðalfararstjóra á Ólympíuleikunum í Peking 2008 og tillögu Afrekssviðs þar að lútandi. Samþykkt að skipa Andra Stefánsson sviðsstjóra Afrekssviðs ÍSÍ sem aðalfararstjóra á leikunum.

Afrekssvið hefur óskað eftir því að farið verði með fullskipað fagteymi á leikana þó ekki verði hægt að hafa alla þá aðila inni í Ólympíuþorpinu. Samþykkt.

Gjaldkeri vakti athygli á því að í fjárhagsáætlunum fyrir leikana yrði að gera ráð fyrir því að handboltalandsliðið tæki þátt á ÓL.

2. Fyrirmyndardeild ÍSÍ – knattspyrnudeild Íþróttafélagsins Hattar á Egilsstöðum.

Fræðslusvið hefur farið yfir umsókn knattspyrnudeildar Íþróttafélagsins Hattar á Egilsstöðum og samþykkt hana fyrir sitt leyti.

Framkvæmdastjórn samþykkti umsóknina og mun forseti afhenda viðurkenninguna á Egilsstöðum á morgun, 11. janúar.

3. 80 ára afmæli KA

Knattspyrnufélag Akureyrar varð 80 ára þann 8. janúar sl. og mun halda upp á afmælið laugardaginn 12. janúar nk.

Samþykkt að heiðra eftirtalda einstaklinga í KA fyrir góð störf í þágu íþróttahreyfingarinnar:

Magnús Magnússon og Árna Jóhannsson með Gullmerki ÍSÍ
Gunnar Jónsson með Silfurmerki ÍSÍ.
Viðurkenningarnar verða afhentar í afmælishófi félagsins.

4. Fundargerðir

Eftirtaldar fundargerðir lagðar fram og samþykktar

- a. 143. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Samþykkt með lagfæringum á mætingalista.
- b. 1. fundur framkvæmdaráðs frá 3. janúar 2008
- c. Afrekssjóðs frá 12. desember, 18. desember 2007 og 3. janúar 2008.

Lagðar fram tillögur að styrkveitingum Afrekssjóðs fyrir árið 2008, sjá úthlutunarskjal sem fylgir aftan við fundargerð framkvæmdastjórnar.

Tillögur Afrekssjóðs samþykktar. Úthlutanir verða tilkynntar á blaðamannafundi í hádeginu á morgun.

- d. Afrekssviðs frá 11. desember 2007 og 8. janúar 2008
- e. Lyfjaeftirlitsnefndar frá 10. desember 2007
- f. 9. fundur Íslenskra getrauna
- g. 530. og 531. fundur Íslenskrar Getspár

5. Þing og fundir

- FSÍ 26. janúar 2008 á Selfossi

6. Næstu fundir framkvæmdastjórnar

Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ eru áætlaðir 7. febrúar, 6. mars, 17. apríl og 22. maí nk. Fundartími óbreyttur eða kl. 16:15.

7. Önnur mál

- Líney kynnti átak í almenningsíþróttum sem fara á af stað með í febrúar/mars nk. og er í beinu framhaldi af vinnu starfshóps menntamálaráðuneytisins um íþróttavæðingu Íslands. Að átakanu standa, auk ÍSÍ, menntamálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið og Lýðheilsustöð. Átakið mun beinast að einstaklingum – jafnt í vinnu sem og í skóla og er hugsað sem hvatning um daglega hreyfingu.
- Gjaldkeri skýrði frá því að yfirhlaup í lottóinu í desember hafi orðið til þess að rétta úr áætlunum.

Fleira ekki gert og fundi slitið.
Halla Kjartansdóttir fundarritari